

# AÐGENGI EÐA ÁHUGI?

## MUNUR Á EFNISTÖKUM OG VÆGI FRÉTTA EFTIR KARLA OG KONUR

**Arnhildur Hálfdánardóttir**

# RANNSÓKNIN Í HNOTSKURN

1. Innihaldsgreining á fréttum
2. Vettvangsathugun á ritstjórnarfundum
3. Djúpviðtöl við 10 fréttamenn, karla og konur.



# INNIHALDSGREININGIN OG NIÐURSTÖÐUR HENNAR

# NIÐURSTÖÐUR GREININGAR Á FYRSTU FRÉTTUM

## RÚV




**Mynd 1 RÚV: Fyrsta frétt eftir kyni fréttamanns**

## Stöð 2




**Mynd 3 Stöð 2: Fyrsta frétt eftir kyni fréttamanns**

# NIÐURSTÖÐUR GREININGAR Á FYRSTU ÞREMUR FRÉTTUM

## RÚV




**Mynd 2 RÚV: 1.-3. fréttir eftir kyni fréttamanns**

## Stöð 2




**Mynd 4 Stöð 2: 1. -3. fréttir eftir kyni fréttamanns**




**Mynd 9 RÚV: Dreifing allra frétta í febrúar**




**Mynd 10 Stöð 2: Dreifing allra frétta í febrúar**



# AÐGENGI OG ÁHUGI

# ÁHUGI FREKAR EN AÐGENGI!

„Ég myndi alls ekki segja að menningin væri þannig á Stöð 2 að konunum væri haldið frá stóru málunum. Við fáum líka að hafa frumkvæði sem ég myndi segja að væri kannski helsti kosturinn við að vera þar.“

„Maður hefur mikið sjálfur um þetta að segja, ef ég kem og segi það er fundur í efnahagsmála- og viðskiptanefnd um afnám gjaldeyrishafta og mig langar að fylgjast með því þá er enginn að fara að taka það af mér og segja: Nei, þessi karl er nú betri.“

# ÉG ÞARF AÐ VERA FREKARI

„Það er rosalega erfitt að gagnrýna að skiptingin sé til staðar þegar maður vill ekki sjálfur breyta sér...“

„Þetta segir mér bara að ég þarf að vera frekari á fundum að fá efnahags- og viðskiptafréttir, ég held þetta sé spurning um hver ber sig eftir hvaða frétt.“

# KONA Á RÚV

„Ég segi fyrir mig að ég nenni ekki að vera í efnahagsmálum, finnst þau bara leiðinleg. Ég held samt, ég held sjálf að ég detti út úr þessum efnahagsfréttum því það er alltaf fjallað eins um þau. Ef einhver kona sem er vön að vera í velferðarmálunum færi að fjalla um þessi mál, kannski myndi ég hlusta betur...“

# KONA Á RÚV

„Ég er ekkert viss um að það séu margir ungir fréttamenn af karlkyni sem demba sér í að láta velferðarmálin verða sitt aðalmál, það eru miklu frekar rosknir reyndir fréttamenn sem finna að það væri gaman að fara í eitthvað annað, orðnir leiðir á hinu. Veit ekki hvort fréttin þykir meira virði fyrir vikið.“



# FRÉTTAMATIÐ, ÞARF AÐ BREYTA ÞVÍ?




**Mynd 17 RÚV: Samanburður á því hversu stór hluti frétta kvenna og karla í febrúar varð 1.-3. frétt**




**Mynd 18 Stöð 2: Samanburður á því hversu stór hluti frétta kvenna og karla í febrúar varð 1.-3. frétt**

# KONA Á STÖÐ 2 UM FRÉTTAMATIÐ:

„Hefðin er búin að ákveða að sumar fréttir séu mikilvægari en aðrar, ég er ekki alltaf sammála því mati. Flestir yfirmennirnir á fréttastofunni eru karlmenn. Þannig að ef þeir meta frekar ákveðnar fréttir sem fyrstu fréttir og þeir stjórna röðun dagsins þá mun þetta kannski seint breytast. Því miður verð ég að segja að að hluta til er þetta karllægt mat.“

# KONA Á RÚV UM FRÉTTAMATIÐ

„Ég hef unnið eftir þessu mati í mörg ár og mótast af því þannig að mat mitt er líka orðið karllægt. Ég hef stundum fundið fyrir ósamræmi og upplifað að ég væri ekki sammála þessu mati. Svo er fréttamatið ekki eingöngu spurning um fyrstu fréttir heldur líka hvaða mál komast í fréttirnar yfirleitt.“

# KARL Á STÖÐ 2 UM FRÉTTAMATIÐ

„Fréttir sem snúa að efnahagsmálum, fréttir um lífskjör, atvinnuleysi, þetta er eitthvað sem snertir alla á meðan svona *human interest* mál eru áhugaverð þá eru þau áhugaverð út frá afþreyingagildi en hafa kannski ekki bein áhrif á þorra almennings.“



# KARLLÆG MENNING, KYNJAÐ VERÐMÆTAMAT & KYNJAÐ TENGSLANET

# KYNJAÐ TENGSLANET

„Kannski eimir eitthvað eftir af kynjuðum kúltur en ég held að það sé ekki eitthvað sem fólk fær framgöngu í starfi út á.“

# KYNJAÐ TENGSLANET

Kona á Stöð 2: „Karlar tala meira við karla og konur meira við konur, það er þannig alls staðar. Auðvitað skapar þetta ójafnvægi. Þá vita karlarnir meira hvað er í gangi og eru frekar á fundunum þar sem ákvarðanir eru teknar. Ég upplifi það aldrei þannig að mér sé haldið niðri, alls ekki en það er kannski svolítið í vinnustaðamenningunni, þessi pungahúmor og svona.“

Karl á stöð 2: „Tengslin milli fólks eru misnáin en þetta er einstaklingsbundið, ekki kynbundið.“

# KYNJAÐ VERÐMÆTAMAT

„Ég gæti sagt með þetta, þá vísa ég til ákveðinnar gaura high-five stemmningar sem er á miðlinum, það er þannig hjá okkur, það er ekki sama í svona málum, hlutir sem manni finnast sjálfum merkilegir eru alveg svona, jú þetta er rosa fínt en ekkert meira en það á meðan það væri kannski meira *groundbreaking* ef strákarnir væru með mál af svipuðum toga. Ég myndi segja það eiga við um mál um félagslega innviði.“

# KYNJAÐ VERÐMÆTAMAT

„Ég veit ekki hvort það er skortur á sjálfstrausti, mjög hæfir kvenkyns fréttamenn með góða menntun sem ég hef gert miklar kröfur til, mér finnst þeir ekki hafa staðið undir þeim væntingum. Við höfum haft mjög hæfar konur sem hafa staðið sig frábærlega í fréttum og verið að gera fréttir í samræmi við sína menntun og unnið harðar fréttir svo höfum við fengið konur með mikla menntun og alla burði til að fara í harðar fréttir en þær hafa stytt sér leið inn í mýkri fréttir, það er erfitt að draga ályktanir um ástæðurnar.“



# HVAR STÖNDUM VIÐ?

# LAUSIR ENDAR




- Þarf allt að vera 50/50?
- Er kominn tími á að breyta fréttamatinu?
- Þarf að afkarlavæða efnahagsfréttir?
- Eru verk karla meira metin en kvenna?
- Hamlar kynjað tengslanet karla á fjölmiðlum konum?
- Þarf að vera pínu karl?